

LISTIR

Leiðsögn á Listasafni Íslands

LEIDSÖGN um sýninguna Huglæg tjáning – máttur litarins í Listasafni Íslands verður í dag og annan laugardag, kl. 14, báða dagana.

Á sýningunni má sjá hvernig fjórir íslenskir listmálarar, Jóhannes S. Kjarval, Finnur Jónsson, Jóhann Briem og Jón Engilberts, máluðu í anda expressjónismans. Meðal mynda er Fjallamjólk, ein frægasta mynd Kjarvals sem er í eigu ASÍ en hefur ekki verið sýnd opinberlega á Íslandi um langt skeið.

Í tengslum við heimsóknir skólans nemenda stendur nú einnig yfir í safninu verkefnið „Ljósaleikur – litasmiðja“ og lýkur því á mánudag.

Sýningin Huglæg tjáning – máttur litarins stendur til 14. apríl. Safnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 11–17. Aðgangur er ókeypis á miðvikudögum.

Prjónaaðferðir á Mokka

ÍRIS Elfa Friðriksdóttir opnar sýningu á Mokka á morgun, sunnudag. Hún opnar aðra einkasýningu í gryfju Listasafns ASÍ við Freyjugötu 23. febrúar. Kveikjan að verkunum sem hún sýnir er sótt í prjónaaðferðir og fatamerki. Hún hefur á undanförnum árum einbeitt sér að einföldu símynstri í verkum sínum.

„Framleiðsluferlið í verkunum er oftár en ekki í höndum iðnaðarfólks. Þá skapast í verkin ófyrirsjáanleg sérkenni sem gera hverja mynd einstaka. Þannig má segja að símynstrið sé taktur verksins,“ segir í fréttatilkynningu.

Íris Elfa hefur áður haldið sex einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum. Hún hefur verið búsett í Danmörku og mun á næstunni opna einkasýningu í Window Space í Kaupmannahöfn.

Tónlistarnám-skeið í Salnum

HVAÐ ertu tónlist? er yfirskrift námskeiðs sem hefst í Salnum á mánudagskvöld kl. 20, á vegum Endurmenntunar HÍ í samvinnu við Salinn og Kópavogsbæ.

Jónas Ingimundarson er við slaghörpuna og gestur kvöldsins er Guðni Franzson, klarinettuleikari. Fyrir hlé er dagskrá sem í tónum og tali er byggð á hugleiðingum um ljóðið Sigling (Hafið bláa hafið) eftir Örn Arnarson.

Eftir hlé fjalla þeir Guðni og Jónas um valda kafla úr tónbókmenntum slaghörpunnar og klarinettunnar og leika verk eftir Mozart, Schumann, Brahms, Saint-Saëns, Jón Þórarinsson, Hauk Tómasson og Poulenc.

Aukatónleikar með Kristni og Gunnari

ÁKVÆÐIÐ hefur verið að halda aukatónleika með þeim félögum Kristni Sigmundssyni, Gunnari Guðbjörnssyni og Jónasi Ingimundarsyni, en uppselt er á báða tónleika í Salnum í næstu viku. Þriðju tónleikarnir verða 23. febrúar kl. 17.

Á efnisskránni eru ariur og dúettar úr Töfraflautu Mozarts, Ástarðrykknum eftir Donizetti, Seldu brúðinni eftir Smetana, Faust eftir Gounod o.fl. óvænt.

Tónleikum frestað

PIÁNÓTÓNLEIKUM Halldórs Haraldssonar sem vera áttu í Tíbrá Röð 1 í Salnum á þriðjudagskvöld er frestað til þriðjudagsins 12. mars kl. 20.

Listaflétta með kaffikeim

ÖNNUR listafléttan sem Listráð Langholtskirkju gengst fyrir á þessu ári verður haldin í dag og hefst kl. 17.00. Þar verður tvinnað saman ýmsum listgreinum og er þjóðardrykkur Íslendinga, kaffið, rauði þráðurinn í gegnum dag-skrána.

Listafléttan hefst með fyrirlestri Hauks Inga Jónssonar guðfræðings um kaffi og trú og að því búnu mun hópur tónlistarfólks flytja Kaffikantötuna eftir Johann Sebastian Bach, gamansamt tónverk sem talið er samið um 1735 til flutnings á kaffihúsi. Margrét Bóasdóttir söngkona er einn flytjenda verksins og segir hún þar á ferðinni barokktónlist eins og hún gerist skemmtilegust. „Kaffikantatan er í raun nokkurs konar gamansöm, stutt ópera, sem segir frá áhyggjum föður af dóttur sinni,“ segir Margrét, en hún mun bregða sér í barokklegan búning við flutning kantötunnar ásamt þeim Snorra Wium og Jóhanni Smára Sævarsyni. „Þetta er ein af þessum veraldlegu kantötum eftir Bach og er hann þar að taka á vandamálum síns tíma þegar nýjungar í formi einhverra lystisemda og spillingar eru að halda innreið sína í menninguna. Á þessum tíma var kaffið að koma til sögunnar, og því fylgdi alveg nýtt samkomuform, þ.e. kaffihúsamenningin. Ungar stúlkur fóru að sækja þessi kaffihús, feðrum mjög til skapraunar, sem gátu ekki haft á þeim gætur á meðan. Kaffikantatan dregur á gamansaman hátt upp mynd af slíkri viðureign dóttur og föður og tilraun eldri kynslóðarinnar til að hafa hemil á unga fólkinu.“ Margrét bendir á að sérstök barokksveit skipuð þeim Hildigunni Halldórsdóttur konsertmeistara, Martial Nardeau, Guð-



Frá æfingu á Kaffikantötunni eftir J.S. Bach, sem hljóma mun innan um kaffið á listafléttu Langholtskirkju.

rúnu Óskarsdóttur, Sigurði Halldórssyni, Richard Korn, Lilju Hjaltadóttur og Söruh Buckley leiki í kantötunni á sams konar hljóðfæri og notuð voru á dögum Bachs. Eftir að hafa hlýtt á Kaffikantötuna gefst gestum færi á að bragða á þeirri kaffitegund sem fyrst barst til Evrópu, þ.e. hinu sögufræga Jemenmökkakaffi. Mun Birgir Finnbogason frá kaffihúsinu Súfistanum

kynna kaffitegundir og sögu þeirra og fá gestir að drekka kantötukaffi Bachs úr handunnum bollum sem tólf leirlistamenn sýna í tilefni dagskrárinnar.

Að lokum mun kvartettinn „Djúsi“ flytja nokkur verk, þar á meðal sönginn „Ég vil kaffi“, en texta hans hefur Þorsteinn Gylfason þýtt. Kvartettinn er skipaður fjórum ungum stúlkum sem allar sungu með

Gradualekór Langholtskirkju og syngja nú í Graduale Nobili-kórnum.

Myndlistarsýning þeirra Kristjáns Davíðssonar og Ásgerðar Búadóttur, sem opnuð var í tengslum við listafléttuna, stendur enn og verður umgjörð hluta þess efnis sem boðið verður upp á á laugardaginn.

Aðgangseyrir er kr. 1.500 og kr. 1.000 fyrir eldri borgara og skólafólk.

SIGUR!



Gamla góða Reykjavíkurlistastemmningin er komin

Við vitum að sigur getur unnist í vor

Komdu á kjörstað og veldu Stefán Jón Hafstein í fyrsta sæti

Prófkjör Samfylkingarinnar er opið fyrir þá sem vilja velja í sigurlið Reykjavíkurlistans. Kosið í Hótel Vík við Ingólfstorg laugardag og sunnudag frá kl. 10-17.